



FUNDARGERÐ

Aðalfundar Skipta hf. fimmtudaginn 16. apríl 2015, kl. 10:00

Haldinn að Hilton Reykjavík Nordica

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu rekstrarári
2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið rekstrarár
3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á síðastliðnu rekstrarári
4. Tillaga um að ójafnað tap verði jafnað með lækkun á yfirverðsreikningi
5. Ákvörðun um samruna Skipta hf. og Símans hf., þar sem Skipti hf. er yfirtökufélag
6. Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins, og aðrar breytingartillögur, ef einhverjar verða
7. Kosning stjórnar félagsins
8. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu
9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra
10. Samþykki starfskjarastefnu félagsins
11. Tillaga um arðgreiðslustefnu félagsins
12. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga
13. Önnur mál löglega upp borin

Stjórnarformaður, Sigríður Hrólfsdóttir, setti aðalfund félagsins og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga hennar um að Pétur Guðmundarson, yrði skipaður fundarstjóri var samþykkt einróma. Fól stjórnarformaður skipuðum fundarstjóra stjórn fundarins. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Óskar Hauksson yrði kjörin fundarritari, sem var samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Til fundarins var boðað með Kauphallartilkynningu þann 31. mars s.l. auk auglýsinga í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og Viðskiptablaðinu þann 1. apríl s.l. Boðun er innan tilsettra tímafresta skv. samþykktum félagsins. Fundarstjóri úrskurðaði í kjölfarið fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans eru.

Gengið var til dagskrár

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Formaður stjórnar, Sigríður Hrólfsdóttir, gerði grein fyrir starfi stjórnar á undangengnu starfsári félagsins.

2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár

Forstjóri Skipta gerði grein fyrir ársreikningi félagsins.

Fundarstjóri bar upp tillögu um ársreikning félagsins:

„Stjórn Skipta hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2014 verði staðfestur.“

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á síðastliðnu rekstrarári

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um hvernig skyldi farið með hagnað félagsins:

„Lagt er til að hagnaður ársins verði fluttur til næsta árs.“

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

4. Tillaga um að ójafnað tap verði jafnað með lækkun á yfirverðsreikningi

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

„Í ljósi ójafnaðs taps er lagt til að færa af yfirverðsreikningi kr. 17.964.026.942 inn á óráðstafað eigið fé til að jafna tap félagsins.“

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun um samruna Skipta hf. og Símans hf., þar sem Skipti hf. er yfirtökufélag

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu:

„Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að samruni Skipta hf. og Símans hf., þar sem Skipti hf. er yfirtökufélag, verði samþykktur, sbr. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 2/1995.“

Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum sem farið er með á fundinum.

6. Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins, og aðrar breytingartillögur, ef einhverjar verða

Fundarstjóri bar upp breytingartillögur stjórnar á samþykktum félagsins:

„Lagt er til við aðalfund félagsins að eftirfarandi breytingar verði gerðar á samþykktum félagsins:

Grein 1.1 -> Nafni breytt frá Skiptum hf. í Símann hf.

Grein 1.2 -> nýtt ákvæði, hjáheiti (Iceland Telecom)

Grein 3.1 -> Tilgangi breytt

Var:

Tilgangur félagsins er að ávaxta fé sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með rekstri í félaginu, kaupum, sölu og eignarhaldi á verðbréfum, einkum í dótturfélögum á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, þjónustu við dótturfélög, kaupum, sölu og rekstri fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengd rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Verður:

Tilgangur félagsins er fjarskipta-, upplýsingatækni-, afþreyingarstarfsemi og önnur skyld starfsemi, rekstur fasteigna, kaup og sala verðbréfa, lánastarfsemi og fjárfesting í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem starfa á sviði félagsins.

Grein 19.1 -> Varamenn teknir út.

Grein 19.2 -> tilvísun til varamanna tekin út

Grein 20.1 -> tilvísun til varamanna tekin út“

Tillögur stjórnar voru samþykktar með öllum atkvæðum sem farið er með á fundinum.

7. Kosning stjórnar félagsins

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í stjórn félagsins:

Heiðrún Jónsdóttir kt. 090769-4649

Helgi Magnússon kt. 140149-4119

Ingimundur Sigurpálsson kt. 240951-4019
Sigríður Hrólfsdóttir kt. 160167-4169
Stefán Árni Auðólfsson kt. 210772-4729

Þar sem fleiri gáfu ekki kost á sér til setu í stjórn voru ofangreindir aðilar sjálfkjörnir og þar með réttkjörnir til setu í stjórn Skipta hf

8. Kosning endurskoðunarstofu

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar:

„Stjórn Skipta hf. leggur til við aðalfund félagsins að KPMG hf. verði endurskoðunarfyrirtæki félagsins og að Alexander Eðvardsson og Árni Claessen muni annast endurskoðunina f.h. KPMG hf.“

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

9. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar:

„Laun stjórnarformanns verði 600.000 kr. á mánuði, þóknun varaformanns 450.000 kr. og laun annarra stjórnarmanna 300.000 kr. á mánuði. Þóknun fyrir setu í undirnefndum skal vera sem hér segir:

Endurskoðunarnefnd:

Formaður	150.000 kr. á mánuði
Aðrir nefndarmenn	75.000 kr. á mánuði

Starfskjaranefnd:

Formaður	100.000 kr. á mánuði
Aðrir nefndarmenn	50.000 kr. á mánuði

Skráningarnefnd:

Formaður	100.000 kr. á mánuði
Aðrir nefndarmenn	50.000 kr. á mánuði

Tillaga stjórnar var samþykkt samhljóða.

10. Samþykki starfskjarastefnu félagsins

Stjórn lagði til að starfskjarastefna sem stjórn samþykkti á fundi sínum 23. mars 2015 yrði samþykkt af hluthöfum félagsins.

Gengið var til atkvæðagreiðslu um eftirfarandi breytingatillögu frá Gildi- lífeyrissjóði;

Við ákvæði 4 gr. í tillögum um starfskjarastefnu bætist ný málsgrein sem verði svohljóðandi:

„*Helstu skilmálar árangurstengdra greiðslna í formi hlutabréfa, kaup- og söluréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum*

Í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, skulu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar."

Tillaga Gildi-lífeyrissjóðs var samþykkt samhljóða og var starfskjarastefnan borin upp og samþykkt samhljóða svobreytt.

11. Tillaga um arðgreiðslustefnu félagsins

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu stjórnar:

„Skipti hf. stefna að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup sem nemur 20 - 50% af hagnaði eftir skatta í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Við gerð tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til:

- Takmarkana í fjárstýringarstefnu félagsins
- Aðstæðna á markaði
- Fjárfestingarþarfar á næstu árum
- Skuldbindinga félagsins samkvæmt lánasamningum og skuldabréfaflokknum SKIPTI 13 01"

Tillagan var samþykkt samhljóða.

12. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. Hlutafélagalaga

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu:

„Stjórn félagsins leggur til við aðalfund félagsins að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt:

Aðalfundur Skipta hf. þann 16. apríl 2015 heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftari á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess, þ.e. að hámarki kr. 965.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995."

Tillagan var samþykkt samhljóða.

13. Önnur mál.

Gildi-lífeyrissjóður bar upp eftirfarandi ályktunartillögur til breytinga á samþykktum:

Við grein 9.1 í samþykktum félagsins bætist eftirfarandi setning:

„Verði heimild til kaupa á eigin hlutum veitt skal hennar getið í sérstökum viðauka við samþykktir þessar og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi.“

Á ákvæði 2. másl. greinar 15.1 í samþykktum félagsins verði eftirfarandi breytingar:

Á eftir orðunum „...svo og ársreikningur...“ komi orðin „...og skýrsla stjórnar...“.

Á eftir orðunum „...og skýrsla endurskoðanda...“ komi orðin „...auk tillagna félagsstjórnar um starfskjarastefnu.“.

Fundarstjóri tók fram að þar sem tillögurnar hefðu ekki borist stjórn svo snemma að hennar hefði verið getið í fundarboði hefði ekki verið hægt að taka hana til endanlegrar afgreiðslu en gera mætti um hana ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Skýrði fundarstjóri frá því að hann hefði rætt við forsvarsmenn Gildis-lífeyrissjóðs og væru þeir samþykkir því að tillagan yrði afgreidd þannig.

Davíð Rúdólfsson skýrði tillögurnar.

Að því loknu var ályktunartillögurnar bornar undir atkvæði hluthafa sem samþykktu þær samhljóða.

Ekki voru fleiri mál á dagskrá fundarins.

Fundargerð upplesin. Engar athugasemdir bárust og var fundi slitið kl. 11:00

Pétur Guðmundarson
Fundarstjóri

Óskar Hauksson
Fundarritari